

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis,
með síðari breytingum (þingseta ráðherra).

Flm.: Valgerður Bjarnadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Guðmundur Steingrímsson,
Helgi Hjörvar, Óttarr Proppé, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Willum Þór Þórsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 65. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þingmaður getur, meðan hann gegnir ráðherraembætti, ákveðið að sitja á Alþingi einungis samkvæmt embættisstöðu sinni sem ráðherra, sbr. 51. gr. stjórnarskrárinnar, og tekur vara-
maður hans þá sæti á Alþingi. Tilkynnir ráðherra forseta ákvörðun sína með bréfi sem forseti
kynnir þinginu. Varaþingmaður, sem tekur sæti á Alþingi samkvæmt þessari málsgrein, nýtur
allra sömu réttinda meðan hann situr á Alþingi og þeir alþingismenn sem eiga þar fast sæti.
Varaþingmaðurinn hverfur af þingi þegar kjörtímabilið rennur út eða áður, við þingrof eða
þegar ráðherranum hefur verið veitt lausn frá embætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt í sjöunda sinn.

Með frumvarpinu er ráðherra sem jafnframt er kjörinn alþingismaður gert kleift, ef hann
telur ástæðu til, að ákveða að varamaður hans taki sæti á Alþingi meðan hann gegnir ráð-
herraembætti. Eftir sem áður mun ráðherra sitja á þingi í krafti embættisstöðu sinnar skv. 51.
gr. stjórnarskrárinnar. Nýti hann sér þennan möguleika yrði honum heimilt að taka þátt í
umræðum á Alþingi en ætti ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans hefði hins vegar öll réttindi
alþingismanns og bæri sömu skyldur. Hann væri m.a. kjörgengur í nefndir Alþingis eins og
aðalmaður ólíkt varaþingmönnum sem taka sæti í forföllum aðalmanns, sbr. 2. mgr. 17. gr.
þingskapa.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um þrískiptingu valdsins í löggjafarvald, fram-
kvæmdarvald og dómvald. Skilin á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins eru hins
vegar óljós þar sem þingmenn sem taka við ráðherraembætti halda áfram þingmennsku og
atkvæðisrétti sínum á þingi, jafnvel þótt þeir eigi yfirleitt ekki sæti í þingnefndum.

Það er álit flutningsmanna að skýrari aðskilnaður löggjafarvaldsins og framkvæmdarvalds-
ins muni styðja við vandaðri vinnubrögð við löggjafarstörfin. Þetta á ekki einungis við um
störf framkvæmdarvaldsins sem er ábyrgt fyrir flestum frumvörpum sem lögð eru fram á
Alþingi, heldur einnig um störf löggjafans. Frumkvæði þingmanna að lagasetningu yrði lík-
lega meira við skýrari aðgreiningu frá framkvæmdarvaldinu.

Þó að ráðherra ákveði að varamaður taki sæti hans á Alþingi heldur hann sömu kjörum og aðrir ráðherrar, sbr. 5. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995. Verði frumvarpið að lögum leiðir ákvörðun ráðherra um að varapingmaður taki sæti hans á Alþingi því til aukinna útgjalda sem nemur þingfararkaupi og öðrum greiðslum til varapingmannsins.